

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga, vegna Gullhellu 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2024 breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga, vegna Gullhellu 1. Breytingin felst í því að aðkoma á norðurhlið lóðar verði færð um 3,5 m til vesturs.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Hamranes vegna Hringhamars 6-8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar 24. apríl 2024 breyting á deiliskipulagi Hamranes vegna Hringhamars 6-8. Breytingin felst í tilfærslu djúpgáma skv. mæliblaði. Mögulegum byggingarreit neðanjarðar er bætt inn á grunnmynd.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

*Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna Álhellu 7.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2024 breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna Álhellu 7. Breytingin felst í því að innkeyrslur á lóðina frá Álhellu annars vegar og Stálhellu hins vegar eru færðar á miðja lóð.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 26. apríl 2024,*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anne Steinbrenner** verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 15. maí 2024